

Ed. 278. Frumvarp til laga [88. mál]

um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. febr.)

1. gr.

Við fyrri málsg. 8. gr. laganna bætist:
Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr skal vera kr. 350.00 fyrir fullorðið dýr og kr. 200.00 fyrir hvern yrðling.

2. gr.

9. gr. laganna breytist þannig:

- a. Fyrir „kr. 350.00“ í 1. málsg. komi: kr. 700.00.
- b. Fyrir „kr. 200.00“ í 2. málsg. komi: kr. 350.00.

3. gr.

Fresta skal að framkvæma ákvæði 11. gr. laganna um eitrun fyrir refi og minka næstu 5 ár. Jafnframt er bannað að eittra fyrir þessi dýr á sama tímabili.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.